

## AUGLÝSING

### um umferð á Blönduósi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Blönduóshrepps og samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða á Blönduósi:

1. Hnjúkabyggð verði aðalbraut frá Norðurlandsvegi (Þjóðvegi 1) að Aðalgötu.
2. Stöðvunarskylda verði á Hnjúkabyggð gagnvart umferð á Norðurlandsvegi (Þjóðvegi 1).
3. Bannað er að leggja ökutækjum á eftirtöldum stöðum:
  - a) Á vesturhluta Húnabrautar.
  - b) Á austurhluta Mýrabrautar.
  - c) Á austurhluta Hólabrautar.
  - d) Á vesturhluta Holtabrautar.
  - e) Á vesturhluta Árbrautar.

Ákvæði auglýsingarinnar tekur gildi þegar í stað.

*Sýslumaður Húnavatnssýslu, 7. ágúst 1987.*

**Jón Ísberg.**

## AUGLÝSING

### um umferð í Árnassýslu.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur ráðuneytið ákveðið að Þingvallavegur (36) skuli teljast aðalbraut gagnvart Uxahryggjavegi (52) og Þjóðgarðsvegi.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. ágúst 1987.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**